

## Siðareglur Starfsgreinasambands Íslands

Innan Starfsgreinasambands Íslands virðum við skoðanir annarra, tileinkum okkur vinnubrögð sem skapa traust á störfum sambandsins og hreyfingarinnar, vinnum gagnsætt og heiðarlega, leyfum öðrum að njóta sannmælis og sanngirni, tjáum okkur um félaga okkar af virðingu í ræðu og riti og leitum samvinnu um úrlausn mála eftir því sem kostur er.

1. Í reglum þessum á „fulltrúi Starfsgreinasambands Íslands“ (hér eftir SGS) við alla fulltrúa SGS í stjórnnum, nefndum og ráðum svo og aðra þá sem koma fram fyrir hönd sambandsins og gegna trúnaðarstörfum fyrir það. Ákvæði siðareglna sambandsins eiga við hvort heldur fulltrúi SGS þiggur laun fyrir störf sín eða ekki.
2. Þegar unnið er með persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, í starfsemi SGS eða sjóða á vegum þess skal farið með þær upplýsingar skv. lögum um persónuvernd nr.77/2000 ásamt síðari tíma breytingum.
3. Slíkra upplýsinga skal einungis aflað í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi, þær ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi og þess gætt að afla ekki eða óska eftir frekari upplýsingum og gögnum en nauðsynlegt er hverju sinni.
4. Þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skal eyða þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á lögum um persónuvernd nr.77/2000 ásamt síðari tíma breytingum.
5. Fulltrúi SGS er bundinn af landslögum sem og lögum þeirra sambandseiningar sem hann sinnir stjórnarstörfum í, og sannfæringu sinni um afstöðu til einstakra mála. Honum ber að gegna störfum af alúð og samviskusemi. Um hæfi í einstökum málum fer skv. almennum hæfisreglum stjórnsýslulaga skv. lögum nr.37/1993.
6. Fulltrúi SGS sem tilnefndur hefur verið til setu í stjórnnum, nefndum eða ráðum annarra samtaka, félaga eða stofnana af Starfsgreinasambandinu, skal leitast við að fylgja samþykktum SGS og stefnumálum verkalýðshreyfingarinnar og Starfsgreinasambandsins í störfum sínum í viðeigandi stjórn eftir því sem kostur er og sannfæring þeirra leyfir. Fulltrúar sambandsins skulu vinna að hagsmunamálum félagsmanna í aðildarfélögum SGS í störfum sínum fyrir sambandið. Komi í ljós að sannfæring viðkomandi fulltrúa fer ekki saman við stefnumál eða samþykktir sambandsins skal viðkomandi gera formanni og framkvæmdastjórn sambandsins grein fyrir afstöðu sinni og víkja úr sæti sínu sé þess óskað.

7. Fulltrúum SGS ber að gæta þagnarskyldu um það sem þeir kunna að verða áskynja í starfi sínu eða erindum fyrir sambandið og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að látið er af störfum.
8. Fulltrúum sambandsins er óheimilt að birta eða dreifa skjölum sem varðveitt eru í vinnuumhverfi starfsfólks og framkvæmdastjórnar enda sé um ófrágengin vinnuskjöl að ræða. Skjöl sem hafa verið afgreidd af framkvæmdastjórn SGS eða viðeigandi stjórn eða nefnd og ekki eru merkt sérstaklega sem “trúnaðarmál” er heimilt að birta opinberlega. Úrdrátt úr fundargerðum sambandsins sem samþykktur hefur verið af framkvæmdastjórn er heimilt að birta opinberlega.
9. Fulltrúum SGS er óheimilt að þiggja boðsferðir/kynnisferðir af fyrirtækjum og stofnunum nema talið sé að slíkar ferðir hafi upplýsingagildi fyrir sambandið og starfsemi þess eða geri þá hæfari til að sinna hlutverki sínu. Ef einhver vafi leikur á upplýsingagildi ferða skal viðkomandi bera slíkt undir formann og framkvæmdastjórn og er hann bundinn af niðurstöðu þeirra.
10. Fulltrúum SGS er óheimilt að þiggja gjafir eða fjármuni frá aðilum sem á einn eða annan hátt tengjast starfi þeirra eða erindum fyrir sambandið. Undanteknar eru jóla- og afmælisgjafir, sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan hóflegra marka. Fulltrúum SGS er hafa áhrif á hvert sambandið beinir viðskiptum sínum er óheimilt að hafa milligöngu um viðskipti við aðila er líta má á sem tengdan þeim sjálfum. Með tengdum aðila er t.d. átt við fyrirtæki í eigu þeirra sjálfra að fullu eða að hluta, maka eða barna og tengdabarna og/eða annarra náinna skyldmenna. Fulltrúum SGS sem eru félagar í óskyldum félagasamtökum er óheimilt að beita sér fyrir því að SGS veiti viðkomandi félagasamtökum fjárstuðning eða beini viðskiptum sínum sérstaklega til viðkomandi samtaka. Ákvæði þetta gildir um hvers kyns fjársafnanir og samskot.
11. Málsmeðferð  
Þar sem siðareglur þessar eiga sér ekki stoð í lögum sambandsins gilda eftirfarandi ákvæði skv. stjórnarsamþykkt þar til gengið hefur verið frá nauðsynlegum lagabreytingum og siðareglurnar staðfestar af framkvæmdastjórn sambandsins.
  - a. *Siðanefnd*  
Siðanefnd skal skipuð þremur fulltrúum sambandsins kjörnum á síðastliðnu þingi SGS, að auki skal velja þrjá varamenn. Einn fulltrúanna skal koma úr framkvæmdastjórn en tveir utan hennar, sama gildir um varamenn. Nefndin getur kallað til lögmann sem er nefndinni til ráðgjafar. Skipað skal í siðanefnd á fyrsta fundi framkvæmdarstjórnar SGS eftir þing sambandsins og skal skipunartímabil nefndarinnar vera til næsta þings SGS.
  - b. *Hlutverk siðanefndar*  
Hlutverk siðanefndar verður að leggja mat á hvort tiltekin atvik eða kringumstæður séu brot á siðareglum sambandsins eða um refsiverða

háttsemi sé að ræða. Einnig skal siðanefnd koma með tillögur um úrbætur á reglum um ferðakostnað, risnu og gjafir sem og siðareglum sambandsins sem eru lagðar fyrir framkvæmdarstjórn til afgreiðslu.

*c. Viðurlög við brotum á siðareglum*

Teljist fulltrúi SGS hafa brotið siðareglur sambandsins vísast á Siðanefnd að koma með tillögu til framkvæmdarstjórnar um viðbrögð við brotinu.

*d. Málskotsréttur*

Viðkomandi starfsmaður eða fulltrúi skal fá tækifæri til að standa fyrir máli sínu og svigrúm til að afla gagna ef þörf er á, áður en siðanefnd skilar skýrslu um málið. Samhliða því sem siðanefnd leggur skýrslu sína fyrir framkvæmdastjórn skal viðkomandi starfsmaður eða fulltrúi fá að skila inn greinagerð sinni og andsvari við skýrslu siðanefndar til framkvæmdastjórnar SGS. Teljist fulltrúi í framkvæmdarstjórn hafa brotið siðareglur SGS viku hann af fundi á meðan fjallað er um málið. Ef ágreiningur er um niðurstöðu framkvæmdastjórnar skal málinu vísað í sérstakan gerðadóm skipaðan af ASÍ.

Samþykkt í framkvæmdastjórn 12 september 2011.

Síðast breytt í framkvæmdastjórn 18. maí 2018.